

UST20100100264
8.14.1

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI

Almennt

Svæðið er austan þjóðvegjar á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi. Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi um iðnaðarsvæði, meðfram Skaftá og þaðan á milli ræktunarlands til austurs. Á svæðinu fer nú fram urðun á ösku frá sörporkustöð, seyru, sláturúrgangi frá bleikjueldi og bændum. Einnig fer þar fram móttaka á brotajárni, geymsla á garðaúrgangi og timburkurlun. Nánari upplýsingar um urðunarsvæðið er í meðfylgjandi umhverfisskýrslu deiliskipulagsins dags. 25. nóvember 2010.

Deiliskipulagssvæðið telst samtals um 4,7 ha að stærð og er að grunni til deiliskipulag sem áður var auglýst og samþykkt af sveitarstjórn en var ekki birt í B.deild stjórnartíðinda.

Skipulagsskilmálar

Frágangur á svæðinu verður þannig að umhverfis svæðið að vestan og norðan verður 2 metra jarðvegsgarður með trjágróðri. Ennfremur verður trjágróður til aðskilnaðar milli mismunandi móttökustaða.

Girðing. Svæðið verður afgirt með allt að 3 m hárrí girðingu.

Brunnar til grunnvatnssýnistöku, eru staðsettir við að- og frárennli urðunarsvæðisins.

Svæðaaufmörkun. Eftirfarandi tafla skýrir mismunandi notkun og stærð svæða innan deiliskipulagssvæðisins.

Svæði	STÆRD í ha
1. Söfnunarstaður á brotajárni sem síðan verður flutt til endurvinnslu	0,4 ha
2. Urðun á byggingarúrgangi	0,2 ha
3. Timburkurlun til endurvinnslu á byggingarúrgangi og trjágróðri	0,1 ha
4. Urðun á ösku frá sörporkustöð	0,7 ha
5. Urðun á seyru og sláturúrgangi frá bleikjueldi og bændum	0,8 ha
6. Garðaúrgangur og moldabanki möguleg endurvinnsla	0,3 ha

Byggingarreitur. Við aðkomu verður gert ráð fyrir geymslu fyrir verkfæri og afdrep umsjónarmanns. Byggingarreitur er 15x25 m eða 375 m² og þar er gert ráð fyrir 20 m² þjónustuhúsi á einni hæð og byggt úr timbri. Staðsetning hússins er frjálst innan byggingarreits. Aðrir byggingarskilmálar s.s. þakhalli, mænisstefna og útlit er frjálst svo fremi að fylgt sé gildandi byggingarlögum og -reglugerð.

Lagnir. Ekki liggur fyrir lega á væntanlegum lögnum.

Kalt vatn verður tekið frá sameiginlegri vatnsveitu fyrir Kirkjubæjarklaustur en vatnsbólið er í landi Hæðargarðs.

Rafmagn verður tekið frá spennistöð á Kirkjubæjarklaustri.


Fráveita, urðunarstaðurinn verður hannaður í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Einnig verður höfð hliðsjón af reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.



Tillaga að Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, mkv. 1:10.000

GARÐAÚRGANGUR OG MOLDARBANKI

- TIMBURKURLUN
- BYGGINGARÚRGANGUR
- BROTAJÁRN - TIL GEYMSLU
- ASKA FRÁ SÖRPORKUSTÖÐ
- SLÁTURÚRGANGUR
- AFMÖRKUN SVÆÐA
- JARÐVEGSMÖN
- GRÓÐUR - TIL SKÝRINGAR
- BYGGINGAREITUR
- VEGUR
- BRUNNAR TIL GRUNNVATNSSÝNATÖKU
- HNIT LÓÐAR
- LÓÐAMÖRK / GIRÐING
- LANDAMERKI
- DEILISKIPULAGSMÖRK




- HNIT LÓÐAR**
- 548654.2 366824.2
 - 548846.9 366719.8
 - 548522.0 366492.5
 - 548496.6 366547.4

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 8. júlí 2011.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 25.gr skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 var samþykkt í byggingar-, skipulagsnefnd þann 6. júní 2011 og í sveitarstjórn 14. júní 2011.

Deiliskipulag þetta var auglýst frá 29. janúar 2011 til 16. mars 2011



URÐUNARSTAÐUR Á STJÓRNARSANDI

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Dags: 03.12.2010, br. 06.06.2011 Mkv: 1:2.000

Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr. Breytt: Verk nr. Hannað: Teikn. mð:

LANDMÓTUN. Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - fax: 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is

